

# Eurovision

LAUGARDAGUR 10. MAÍ 2014



## Slær út jólin

Laufey Helga Guðmundsdóttir, félagi í FÁSES, verður í salnum í Kaupmannahöfn í kvöld. Að hennar mati er Eurovision betra en jólin. | **SÍÐA 2**

## Búningatromp í kvöld?

Pollapönkararnir hafa vakið mikla athygli fyrir klæðaburð. Þeir hafa haft sjö litríka búninga til skiptanna. | **SÍÐA 6**

## Waterloo 40 ára

ABBA-flokkurinn sló í gegn í Eurovision með lagið Waterloo 6. apríl árið 1974. | **SÍÐA 8**

## Sensodyne fyrir viðkvæmar tennur

TANNBURSTAR OG  
TANNKREM FYRIR  
VIÐKVÆM SVÆÐI



NÝ OG BETRI  
HÖNNUN!



Prófaðu Sensodyne vörurnar og finndu muninn.

**SENSODYNE**

# Eurovision er miklu betra en jólin

Laufey Helga Guðmundsdóttir er stödd í Kaupmannahöfn á sinni fjórðu Eurovision-keppni. Hún segir Pollapönkara hafa upplýst á blaðamannafundi að þeir lumi á trompi uppi í erminni sem mögulega verði lagt á borðið í kvöld. Laufeyju finnst dásamlegt að vera hluti af ævintýrinu sem keppnin er.

Jólin eru í maí hjá Laufeyju Helgu Guðmundsdóttur, lögfræðingi í velferðarráðuneytinu, en fyrir henni er Eurovision-keppnin aðfangadagur, jóladagur, pakkarnir og jólafötin allt samanlagt í tíunda veldi. Hún er úti í Kaupmannahöfn núna og er þetta fjórða skiptið sem hún fer á Eurovision-keppnina. „Þetta er einhvers konar Eurovision-sáþukúla sem maður dettur inn í hérna. Það þarf hvorki að hafa vit á Eurovision eða gaman af henni almennt til að hrifast með. Allir þeir sem koma hingað fá bakt-eríuna og hún er mjög smitandi. Þetta er svo dásamleg upplifun. Hér koma allir saman í mesta bróðerni til að syngja lag í þrjár mínútur, þvert á öll landamæri og án allra pólitískra hindrana. Hér ríkir ást og kærleikur, og mikið af honum.“

## ÓVÆNT HJÁ POLLAPÖNKI Í KVÖLD

Laufey segist ekki hafa átt von á því að Pollapönkarar kæmst áfram í undankeppninni á þriðju-

dag en alltaf vonað það innst inni. „Þetta var svo gaman og skemmtilegt að sjá hvað þeir sjálfir voru glaðir og skemmtu sér vel. Ef ég á að vera hreinskilin þá spái ég Íslandi sextánda til átjándu sætinu í kvöld en í Eurovision getur allt gerst. Keppnin í ár er ekki eins sterk og undanfarin ár. Það er enginn augljós sigurvegari í ár eins og svo oft áður, til dæmis þegar Alexander Rybak vann 2009 og Loreen 2012. Ég fór á blaðamannafund eftir keppnina á þriðjudag og þá sögðust þeir Heiðar og Halli luma á trompi upp í erminni fyrir keppnina í kvöld, einhverju tengdu búningum og glimmeri, þannig að það gæti eitthvað óvænt gerst,“ segir Laufey og hlær.

## ÞÖRF Á AÐDÁENDAKLÚBBI

Laufey er félagi í FÁSES, Félagi áhugafólks um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, og er meðlimur númer 007. „Hjá okkur eru meðlimir númeraðir, þetta er allt mjög nördalegt. Klúbburinn var stofnaður fyrir þremur árum



Það eru margir skrautlegir karakterar á Eurovision-keppninni. Hér er Laufey með Dramaqueen, eða DQ, á Euroclub sem er skemmtistaður Eurovision-aðdáendanna. DQ stjórnar Eurovision-karaókiinu þar.

og eru meðlimir strax orðnir eitthvað um 370 og hann orðinn einn af stóru klúbbunum í alþjóðasamtökunum, OGAE, þannig að augljóslega var mikil þörf fyrir svona klúbb. Við opnuðum nýlega heimasíðu, fases.is, þar sem við setjum inn umfjöllun um keppnina héðan.“

## EFTIR-EUROVISION-ÞUNGLYNDI

Eins og áður sagði hefur Laufey farið fjórum sinnum á Eurovision-keppnina. „Ég tók skandinavíska



Laufey ásamt Færeyingum sem voru í miklu stuði þegar þeir mættu í FÁSES-Íslendingahittinginn fyrir undankeppnina.

ABSENDAR MYNDIR

rúnt og fór til Helsinki 2007, Osló 2010, Malmö 2013 og til Köben í ár. Nú er stefnan að fara árlega enda er þetta svo gaman. Ég er líka svo heppin að eiga skilningsríka yfirmenn og samstarfsfólk. Þau þurfa að þola stöðugt tal um Eurovision fyrir keppni og eftir keppni er ég haldin svokölluðu PED, Post-Eurovision Depression (Eftir-Eurovision-þunglyndi). Við í FÁSES erum einmitt að bíða eftir að það verði skilgreint sem sjúkdómur af Alþjóðaheilbrigðismála-

stofnuninni,“ segir Laufey á léttu nótnum og brosir.

## GAMAN AÐ ÍSLAND SÉ MEÐ

Laufey hlakkar mikið til laugardagsins og ætlar að njóta keppinnar og þess sem hún hefur upp á að bjóða. „Ég ætla líka að njóta þess að Ísland sé með, það er alltaf skemmtilegra. Það eru ekki allir sem myndu horfa á úrslitin í kvöld ef við hefðum ekki komist áfram en Eurovision er alltaf jafn gott fyrir mér.“



Vinur við veginn

## Grillum í allt sumar með gasi frá Olís

Smellugas fyrir grillið, útileguna og heimilið!



2 kg    5 kg    10 kg    11 kg



Smellugas



Kjúklingaleggir eru ljúffengir og góðir.

## Ljúffengir kjúklingaleggir

Allir eru sólnir í kjúklingaleggi sem velt hefur verið upp úr barbecue-sósu. Hér er einföld uppskrift en ótrúlega girnileg. Kjúklingurinn bragðast örugglega frábærlega með Eurovision-lögnum í kvöld. Vel má hafa léttu jógurtsósu með en það er óþarfi. Í þessari uppskrift eru notaðir 12 kjúklingaleggir en auðvitað má nota leggi og læri.


- 12 kjúklingaleggir**  
**1 bolli tilbúin barbecue-sósa**  
**1 msk. púðursykur**  
**1 msk. cider-edik**  
**1 tsk. salt**  
**Nýmalaður svartur pipar**  
**1 tsk. chili-sósa**

Setjið allt sem upp er talið fyrir utan kjúklinginn í skál en notið aðeins helm-inginn af barbecue-sósunni. Setjið kjúklingaleggina í plastpoka með rennilás ásamt sósunni. Veltið vel þannig að kjúklingurinn verði þakinn sósunni. Geymið í ísskáp í minnst fjórar klukkustundir.

Stillið hitann á ofninum á 200°C. Þá eru bitarnir lagðir á álappír sem hefur verið penslaður með olíu. Penslið bitana með afganginum af barbecue-sósunni. Bakið í 15 mínútur og penslið þá aftur. Snúið bitunum við og penslið. Snúið og penslið að minnsta kosti þrisvar sinnum á eldunartímanum sem er 50-60 mínútur.

# KOLKA

Lífstíls og decor vefverslun  
[www.facebook.is/kolkaiceland](http://www.facebook.is/kolkaiceland)



# NÁÐU ÞÉR Í POLLAÍŚ Á OLÍŚ

ÆVINTÝRA  
EYJAN

FARÐU Á  
[WWW.OLIS.IS](http://WWW.OLIS.IS)  
OG TAKTU ÞÁTT  
Í LEIKNUM!

Sendum pollunum  
baráttukveðjur  
af klakanum -  
með Pollaís  
í hönd.

HANGIR  
VINNINGUR Á  
SPÝTUNNI?

Á 100 SPÝTUM AF POLLAÍŚ LEYNIST VINNINGUR:  
POLLAPÖNKSGALLI FRÁ HENSON



AFSLÁTTUR  
**1-26** kr.  
Á SUNNUDAG

Á sunnudaginn verður  
afsláttur í takt við sætið  
sem Ísland lendir í  
á úrslitakvöldinu  
á laugardag.

Afslátturinn getur verið  
allt að 26 kr. og því eins  
gott að hafa lykilinn eða  
kortin klár!



Sæktu lykil á næstu Olís-stöð.



Vinur við veginn



## Nú verður þú Eurovision stjarna heima í stofu

Í Sjónvarpi Símans er nú hægt að finna vel valin, íslensk Eurovision lög í karókiútgáfu. Hitaðu upp fyrir úrslitin, stilltu sjónvarpið í botn og leyfðu partígestunum að syngja aðal- og bakraddir af innlifun.

**Enga fordóma - leyfðu leyndum hæfileikum að blómstra!**

Hringdu í **8007000** og fáðu þér Sjónvarp Símans!

# EUROVISION

## SONG CONTEST

**Eurovision-keppnin er** skemmtilegust þegar spáð er í spilin meðan keppendur stíga á stökk. Hér er stigatafla sem gaman er að fylla inn í. Hægt er að gefa öllum keppendum stig fyrir söng, sviðsframkomu og búninga og spá um í hvaða sæti hvert lag mun lenda. Úr þessu má jafnvel gera samkeppni milli Eurovision-partygesta.

LÖND	FLYTJANDI	LAG
 ÚKRAÍNA	Mariya Yaremchuk	Tick Tock
 HVÍTA -RÚSSLAND	Teo	Cheesecake
 ASERBAÍDSJAN	Dilara Kazimova	Start a fire
 ÍSLAND	Pollapönk	No Prejudice
 NOREGUR	Carl Espen	Silent Storm
 RÚMENÍA	Paula Seling & OVI	Miracle
 ARMENÍA	Aram MP3	Not Alone
 SVARTEJALLALAND	Sergej Cetkovic	Moj Svijet
 PÓLLAND	Donatan & Cleo	My Słowianie
 GRIKKLAND	Freaky Fortune	Rise Up
 AUSTURRÍKI	Conchita Wurst	Rise Like a Phoenix
 ÞÝSKALAND	Elaiza	Is it right
 SVÍÞJÓÐ	Sanna Nielsen	Undo
 FRAKKLAND	TWIN TWIN	Moustache
 RÚSSLAND	Tolmachevy Sisters	Shine
 ÍTALÍA	Emma	La Mia Città
 SLÓVENÍA	Tinkara Kovac	Round and Round
 FINNLAND	Softengine	Something Better
 SPÁNN	Ruth Lorenzo	Dancing in the rain
 SVISS	Sebalter	Hunter Of Stars
 UNGVERJALAND	András Kállay-Saunders	Running
 MALTA	Firelight	Coming Home
 DANMÖRK	Basim	Cliche Love Song
 HOLLAND	The Common Linnets	Calm After The Storm
 SAN MARÍNÓ	Valentina Monetta	Maybe
 BRETLAND	Molly	Children of the Universe



**Rússland** Tolmachevy-tvíburarnir sigruðu árið 2006 Eurovision-keppni barna, þá níu ára gamlar. Þær eru 17 ára í dag.



**San Marínó** Valentina tekur nú þátt í Eurovision þriðja árið í röð. Fyrri tvö árin komst San Marínó ekki upp í úrslitapáttinn.



**Svíþjóð** Sanna er mjög þekkt í Svíþjóð. Þegar hún sigraði í undankeppni Eurovision í Svíþjóð í vor var það í sjöunda sinn sem hún tók þátt.



**Danmörk** Basim er af marokk-óskum uppruna en leggur áherslu á að hann sé Dani enda fæddur og uppalinn í Danmörku.



**Úkraína** Mariya samdi sjálf lagið og hluta textans. Hún tók þátt í úkraínski útgáfu The Voice árið 2012 og varð í fjórða sæti.



**Holland** The Common Linnets er skipað Ilse DeLange og Waylon. Þau spila og semja kántrilög.

BÚNINGAR FLUTNINGUR SÖNGUR SAMTALS SÆTI

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =

+  +  =



**Aserbaídsjan** Dilara hefur haft söng að atvinnu frá 14 ára aldri. Hún elskar dýr og klæðist aldrei feldi á sviði.



**Sviss** Hinn 28 ára gamli söngvari og lagahöfundur Sebalter hefur spilað á fiðlu frá sex ára aldri.



**Pólland** Atriði Póllands hefur helst vakið athygli fyrir áberandi brjóstaskorur.



**Bretland** Molly semur sjálf lagið sem hún flytur í kvöld. Hún vildi að lagið hefði einhverju að miðla.



**Svartfjallaland** Sergej kom fyrst fram opinberlega árið 1986, þá tíu ára gamall, þegar hann lenti í öðru sæti í hæfileikakeppni barna.



**Spánn** Ruth tók þátt í bresku X-Factor-þáttunum árið 2008. Hún náði nokkuð langt og lenti í fimmta sæti.



**Þýskalandi** Elaiza var nánast óþekkt í Þýskalandi þegar hún komst inn í þýsku söngvakeppnina gegnum Youtube-keppni. Forspraki Elaiza er söngkonan og píanistinn er Ela sem á uppruna bæði í Úkraínu og Póllandi.



## 20 sígild íslensk Eurovision lög í karókiútgáfu

Enga fordóma • Minn hinsti dans • Sóley Draumur um Nínu • Tell me! • Nei eða já Gleðibankinn • Aftur heim • Eitt lag enn Til hamingju Ísland • Sókrates • Is it True Ég á líf • Undir regnbogann • Lífið er lag All out of luck • This is my life • Línudans Karen • Ég lifi í draumi

Hringdu í **8007000** og fáðu þér Sjónvarp Símans!

# Skera sig úr í fjöldanum

Pollapönk hefur hvarvetna vakið athygli í litríkum útpældum fatnaði í aðdraganda Eurovision síðustu daga og skera meðlimir hljómsveitarinnar sig svo sannarlega úr í fjöldanum.

Forsöngvari hljómsveitarinnar Heiðar Örn Kristjánsson er blái pollinn, Haraldur Freyr Gíslason rauði pollinn, Arnar Gíslason bleiki pollinn og Guðni Finnsson guli pollinn. Bakradda-söngvarinn Óttar Proppé er svo fjólu-blár og félagi hans Snæbjörn Ragnarsson appelsínugulur.



Hópurinn fór út með sjö dress til skiptanna; íþróttagalla, kjóla, stuttbuxur og boli, morgunsloppa, lopapeysur, matrósaföt og jakkaföt. Þótt fatnaðurinn sé af ólíkum toga heldur hver polli sig við sinn lit. Pollarnir lögðu sjálfir mikið til hugmyndavinnunnar í kringum fatnaðinn en þeim innan handar var umboðsmaður þeirra Valgeir Magnússon, eða Valli sport, og leikmynda- og búningahöfundurinn Rebekka A. Ingi-mundar-dóttir,

en hún hannaði búningana fyrir Eybör Inga Gunnlaugsson í fyrra og Grétu Salóme og Jónsa árið 2012. „Aðkoma mín hefur oft verið meiri en nú. Í fyrra og hitte-  
í jakkafötunum.



Í kjólunum frá Curvy.



Í Varmapeysunum.

fyrra hannaði ég alla búninga og árið 2012 leikstýrði ég atriði Grétu Salome. Pollapönkararnir eru einstakir og höfðu sínar hugmyndir en ég var þeim innan handar með að útfæra þær. Fleiri lögðu svo hönd á plóg; íþróttagallarnir eru eins og flestir vita frá Henson og kjólana gaf verslunin Curvy. Þá styrkti Orobli strákana um sokkabuxur í réttum litum. Peysurnar eru frá Varma en stílistinn Alda Guðjónsdóttir á heiðurinn að jakkafötunum,“ segir Rebekka. Sjálf hannaði hún matrósafötin og samfestinga bak-



Í matrósafötunum á æfingu.



Í baðsloppunum.

raddanna. „Klæðskera- og sníðameistarinn Elma Bjarney Guðmundsdóttir saumaði búningana ásamt Maggý Dögg Emilsdóttur en ég litaði svo sloppa, sokka og annað sem var ekki til í réttum litum,“ útskýrir Rebekka. Rebekka segir að með til-



Í Pollapönkgallanum frá Henson.

komu samfélagsmiðla skipti ímynd hópsins, frá því að hann mætir á svæðið og þar til hann stígur á svið, sífellt meira máli og þarf að þaulhuga á sýnd og framkomu hópsins frá degi til dags. En skyldu strákarnir vera með eitthvað búningatromp í hendi í kvöld? „Við gefum ekkert upp um það,“ segir Valgeir. Hann hvetur fólk þó til að hafa augun opin. „Við höldum okkur að minnsta kosti við litina.“

# WHIRLPOOL DAGAR

## 10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM WHIRLPOOL VÖRUM



ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR  
HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR

 Whirlpool

 Heimilistæki ht.is  
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



engir fordómar



kemur við sögu á hverjum degi!

# Bjargaði Abba Eurovision?

Þann 6. apríl 1974 eða fyrir fjörtíu árum sló Abba-flokkurinn rækilega í gegn í Eurovision með lagið Waterloo. Keppnin fór fram í Brighton í Englandi.

Sumir telja að ef Abba hefði ekki unnið með því líkum glæsibrag væri keppnin sennilega hætt. „Abba bjargaði Eurovision,“ segir Ole Tøpholm, fréttaskýrandi keppinnar hjá DR, danska sjónvarpinu. Flutningur Abba í keppninni, þar sem þau fjögur, Agnetha Fältskog, Björn Ulvaeus, Benny Andersson og Anni-Frid Lyngstad, tróðu upp í skrautlegum, fagurlitum fötum er af mörgum talinn einn mesti sjónvarpsviðburður í Evrópu. Þeir sem muna hvernig keppnin leit út fyrir 1974 vita að hún var ákaflega stöðluð og hefðbundin. Abba kom með litagleði og hressileika í keppnina. Síðan hefur Abba sett heimsmet í plötusölu.

## KEPPNI Í KRÍSU

Ole Tøpholm segir að keppnin hafi verið í ákveðinni krísu árið 1970 þannig að sigur Abba blés nýju lífi í hana og Eurovision öðlaðist vinsældir á ný. Sigur þessa sænska hressileika var ekki bara frægðarfor fyrir Abba heldur einnig keppnina sjálfa. Það sýndi sig að þátttaka

í Eurovision væri áhrifamikil leið til að öðlast frægð á heimsvísu. Á þremur mínútum breyttist líf fjórmenninganna. Þau fylgdu líka sigrinum vel eftir með hverjum smellinum á fætur öðrum. Allir þekkja lögina Mamma Mia, Fernando, Take a Chance on Me, The Winner Takes It All og Super Trouper svo eitthvað sé nefnt. Abba hefur selt meira en 380 milljónir platna um allan heim. Síðasta platan sem Abba-flokkurinn sendi frá sér kom út árið 1982. Öll lög Abba hafa hins vegar lifað góðu lífi allt til dagsins í dag.

Með því að mæta í keppnina eins og hvítur stormsveipur er ekki nokkur vafi á að Abba breytti Eurovision-keppninni umtalsvert. Keppendur fóru að leggja meiri áherslu á dans og búninga eftir þennan frækilega sigur árið 1974.

## ABBA AFTUR Á SVIÐ?

Þrjár af fjórum meðlimum Abba hafa sagt í fjölmiðlum að þau gætu hugsað sér að koma saman aftur á sviði. Benny hefur ekki gefið neitt slíkt upp. Ekkert hefur því verið ákveðið í þeim efnum svo vitað sé. Í apríl kom út bók um Abba, The Official Photo Book, í Bretlandi. Bókin kom út í tilefni þess að 40 ár eru liðin frá sigrinum í Eurovision. Einnig kom nýlega út bókina Abba The Backstage stories, þar sem búningahönnuður



Björn Ulvaeus, Agnetha Fältskog, Anni-Frid Lyngstad og Benny Andersson, Myndin var tekin á úrslitakvöldi Eurovision árið 1974.

hljómssveitarinnar segir sína sögu.

Kvikmyndin Mamma Mia sem byggð var á tónlist Abba var frumsýnd árið 2008 og sló rækilega í gegn. Titillagið Mamma Mia komst aftur í fyrsta sæti vinsældalista í Bandaríkjunum þegar myndin var sýnd. Meryl Streep fór með aðalhlutverk og fékk góða dóma.

Svíþjóð hefur verið sigursæl í Eurovision. Fimm sinnum hafa Svíar náð fyrsta sætinu, í fyrsta skipti árið 1974 þegar Abba vann keppnina með Waterloo. Árið 1984 var það Herreys sem bar sigur úr bítum, Carola árið 1991, Charlotte Perrelli árið 1999 og Loreen árið 2012.



Abba-lögin lifa góðu lífi þótt hljómssveitin hafi hætt snemma á níunda áratugnum.

Hafðu það gott og grillaðu  
100% íslenskt  
lambakjöt

safaríkt og  
meyrt lambakjöt

Fæst í: **BONUS** HAGKAUP  
Skemmtilegast að verja



# VORÚTSALA

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

**YAMAHA HLJÓMTÆKI  
MEÐ ALLT AÐ  
100.000 KR. AFSL.**

**LG SJÓNVARP  
MEÐ ALLT AÐ  
200.000 KR. AFSL.**

**42" 3D SNJALLSJÓNVARP**

**FULLT VERÐ 249.990**

**TILBOÐ 199.990**



**AFSL. 50.000**

**60" LED SJÓNVARP**

**FULLT VERÐ 449.990**

**TILBOÐ 299.990**

**SHARP AFSL. 150.000**

**42" FULL HD LED SJÓNVARP**

**FULLT VERÐ 139.990**

**TILBOÐ 99.990**



**AFSL. 40.000**

**46" FULL HD LED SJÓNVARP**

**FULLT VERÐ 169.990**

**TILBOÐ 129.990**

**THOMSON AFSL. 40.000**

**32" SNJALLSJÓNVARP**

**FULLT VERÐ 89.990**

**TILBOÐ 74.990**

**PHILIPS AFSL. 15.000**

**55" ULTRA HD SJÓNVARP**

**FULLT VERÐ 499.990**

**TILBOÐ 349.990**

**THOMSON AFSL. 150.000**

**MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 55% AFSLÆTTI**  
Nikon - Olympus - Panasonic

**HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 44% AFSLÆTTI**  
Philips - JVC - TDK - JBL - AKG

**BLUETOOTH HÁTALARAR OG VÖGGUR MEÐ ALLT AÐ 48% AFSLÆTTI**  
TDK - JBL - Yamaha - harman kardon

YAMAHA KENWOOD PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG INTENSO UNITED  
harman/kardon JBL OLYMPUS Dantax tasco Nikon SanDisk enox. LG

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS



# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**SanDisk**  
MINNISKORT  
ALLAR GERÐIR

# Nýtur lífsins fyrir allan peninginn

**Matarbloggarinn og feðurardrottningin Anna Björk Eðvarðsdóttir gerir sér alltaf dagamun á Eurovision-kvöldi.**

„Ég hef trúlega aldrei misst af söngvakeppninni og fer sitt á hvað í Eurovision-partí eða held partí sjálf,“ segir Anna Björk sem hefur í hálf tveimur árum haldið úti matarblogginu annabjork.is.

„Mataráhuginn hefur fylgt mér síðan ég flutti úr foreldrahúsum og þurfti að bjarga mér sjálf. Þá kunni ég ekkert að elda en neyðin kennir nakinni konu að spinna,“ segir Anna Björk sem nýtur þess að prófa sig áfram með nýtt og spennandi hráefni.

„Mín uppáhaldsmáltíð að elda er morgunmatur á sunnudögum því fyrir mér eru sunnudagsmorgnarnar dekur morgnarnar. Ég vakna alltaf mjög snemma og finnst notalegt að vera ein í eldhúsinu að matbúa eitthvað gómsætt á meðan aðrir sofa. Síðan skrið ég upp í rúm til mannsins míns með eitthvað huggulegt handa okkur og það er yndislega kósi,“ segir Anna Björk sem bakar croissant, fyllt rúnstykki, eggjakökur, bökur og annað ilmandi ljúfmeti með morgunkaffinu.

## FEURST ÍSLENSKRA KVENNA 1977

Anna Björk var valin Ungfrú Ísland árið 1977.

„Það litaði líf mitt talsvert fyrsta kastið því þá var í fyrsta sinn sjónvarpað frá feðurarsamkeppninni. Það hafði mikil áhrif en eftir því sem árin líða fer maður að endurskilgreina sjálfan sig og finna sér nýtt hlutverk í lífinu. Fólk mundi þó lengi eftir mér og enn spyr fólk hvort það þekki mig, sem er bara gaman. Ég hefði síst viljað fara á mis við þessa lífsreynslu því keppnin veitti mér skemmtileg tækifæri á sínum tíma. Ég fór til Japans sem Ungfrú unga kynslóðin 1976 og til Mexíkó í Ungfrú alheim árið 1978 og dvaldi þar í mánuð. Í þá daga var sjaldgæft að óharðnaðir unglingar færu svo langt einir og í svo langan tíma en það var bæði þroskandi og krefjandi.“

Anna Björk er enn geislandi fögur og skrifar það á einskæra lífsgleði.

„Mér finnst ofsalega gaman að vera til. Ég lenti í veikindum fyrir tólf árum sem gáfu mér nýtt tækifæri til lífsins og hef reynt að lifa fyrir allan peninginn síðan. Þar skiptir mestu að fást við hluti sem kveikja áhuga og ástríðu en líka að hafa neista í lífinu og setja sjálfan sig stundum í fyrsta sætið. Það er allt í lagi og á endanum græða



Anna Björk Eðvarðsdóttir er matarbloggari og ungfrú Ísland 1977. Hún segir frammiðstöðu Pollapönks hafa komið sér skemmtilega á óvart í undankeppninni og vonar að Ísland lenti ofar en í 16. sæti.

allir; fjölskyldan, eiginmaðurinn og vinirnir.“

Anna Björk útbjó partírétt sem er sniðinn fyrir fámenn sem fjölmenn

veisluhöld. Eftir því sem fjölgar í samkvæminu þarf bara að kaupa stærri ost og meira deig því að uppskrifin er alltaf sú sama.



**Bakaður Camembert í brauðdeigi með skinku og sultu**

fyrir 3-4

**1 stórt pitsudeig (XXL 30x40)  
6 skinkusneiðar, skornar í bita  
3-4 msk. týtuberjasulta  
1 Camembert  
Birki- og sesamfræ  
Sulta og hunang**

Hitið ofn í 225°C. Rúllið deiginu út á borð og merkið í það hring, 32 cm í þvermál. Hafðið smjörpappír undir deiginu. Klippið út hringinn með hreinum skærum og geymið afskurðinn. Setjið deighringinn á bökunarplötu og dreifið helming skinkunnar á miðjuna (í rúmlega stærð ostsins), ásamt helmingi sultunnar. Setjið ostinn ofan á og svo rest af skinku og sultu ofan á ostinn. Safnið deiginu saman ofan á ostinn og búið til skjóðu sem er klipin efst til að loka. Penslið með vatni og bakið í 15-20 mínútur eða þar til brauðið er gyllt og stökkt. Penslið afskurðinn með vatni, merkið skurði með hníf og setjið birki- og sesamfræ ofan á. Bakið í ofninum og berið fram með ostinum með auka sultu og hunangi. Verði ykkur að góðu!

## Bragðgott og brakandi... með Eurovision



nýir keppendur... spennandi og hollara snakk



3 klassískir



5 spennandi

sigurvegarinn

ómissandi

Frá frændum okkar Dönum



## Vissirðu þetta um Eurovision?

- Yfir 1.000 lög hafa tekið þátt í keppninni frá upphafi. Þúsundasta lagið var flutt árið 2006 af Brian Kennedy fyrir Írland.
- Yfir 125 milljónir áhorfenda horfa árlega á Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.
- Johnny Logan hefur unnið söngvakeppnina þrisvar. Hann söng fyrir Írland 1980 og 1987 og samdi vinningslagið Why Me árið 1992.
- Noregur hefur tíu sinnum lent í neðsta sæti en Norðmenn hafa líka unnið í þrígang.
- Írar eru sigursælastir þjóða í Eurovision og hafa sjö sinnum átt sigurlagið.
- Langflest sigurlaganna hafa verið flutt á ensku, eða 24 talsins. Franska er líka vinsælt söngmál og hefur átt fjórtán sigurlög.
- Abba er happasælasti sigurvegari söngvakeppninnar frá upphafi. Sænska ofurgrúpan sigraði í keppninni árið 1974 og varð í kjölfarið ein af frægustu hljómsveitum sögunnar.
- Fyrsta sjónvarpsútsending söngvakeppninnar í lit var

frá Royal Albert Hall í Lundúnum árið 1968.

- Keppendur á sviði söngvakeppninnar mega ekki vera fleiri en sex.
- Yngsti sigurvegari Eurovision var hin belgíska Sandra Kim, þá aðeins þrettán ára. Árin á eftir sendu Frakkar 11 ára barn og Ísraelar 12 ára barn til keppinnar.
- Ísrael var fyrsta þjóðin sem halda átti söngvakeppnina tvö ár í röð (1979 og 1980). Vegna blankleita óskuðu Ísraelar eftir að annað land tæki við keppninni og réttu Hollendingar fram sína hjálparhönd. Keppnin var óvart dagsett 19. apríl í Haag, sem er heilagur dagur í Ísrael, og tóku Ísraelar því ekki þátt árið eftir sinn eigin sigur.
- Írland hélt söngvakeppnina fjögur ár í röð en baðst undan því að halda hana aftur ef þeir ynnu í fimmta skiptið.
- Serbía tók þátt í Eurovision sem sjálfstæð þjóð í fyrsta sinn árið 2007 og átti sigurlagið sama ár.

Hjartaknúsarinn Johnny Logan er eini keppendinn sem hefur staðið uppi sem sigurvegari þrisvar.





### Volare best af öllum

Eftir Eurovision-söngvakeppnina árið 2010 leitaði aðdáendasíðan Eurovision Times til aðdáenda keppinnar um að velja sitt uppáhalds Eurovision-lag frá upphafi. Í fyrsta sæti varð lagið *Nel blu dipinto di blu* í flutningi Domenico Modugno. Lagið er betur þekkt sem *Volare* og lenti í þriðja sæti keppinnar árið 1958. Lagið sló strax í gegn á heimsvísu og er það lag Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem oftast hefur verið tekið upp og flutt af öðrum listamönnum. Á meðal heimsfrægra söngvara sem sungið hafa *Volare* má nefna Dean Martin, Cliff Richards, Celine Dion, David Bowie, Luciano Pavarotti, Barry White og Andrea Bocelli. Lagið *Waterloo* með Abba var í öðru sæti.



### Slæmt gengi Breta

Það er með ólíkindum hvað Bretum hefur gengið illa í Eurovision-keppninni undanfarin ár. Frá árinu 1999 hefur þessi mikla tónlistarþjóð aðeins tvisvar verið á meðal fimm efstu þjóða en ef árið 2009 er undanskilið hafa Bretar ekki lent á meðal tíu efstu þjóða frá því árið 2002, þegar Jessica Garlick lenti í þriðja sæti með ballöðuna *Come back*.

**Raunar hafa** þeir nokkrum sinnum lent neðar en í 20. sæti undanfarin ár og hrepptu til dæmis 25. sætið þrisvar á fimm ára tímabili.

Það er ekki gott að segja hver skýringin er því margir þekktir og reynslumiklir lagahöfundar og tónlistarmenn hafa tekið þátt undanfarin ár fyrir þeirra hönd.

**Helsta skýringin** gæti verið sú að árið 1999 var reglum keppinnar breytt þannig að þátttökupjóðir máttu syngja á hvaða tungumáli sem er, þar með talið ensku. Fram að því hafði Bretland ekki lent neðar en í 10. sæti nema tvisvar í allri sögu keppinnar.

**Eftir mörg** mögur ár á síðasta áratug gekk það svo langt að BBC átti í viðræðum við sjálfan Morrissey, sem var söngvari hljómsveitarinnar goðsagnakenndu The Smiths, um þátttöku í keppninni en ekkert varð úr því.

**Síðustu tvö** árin hefur Bretland lent í næstsíðasta sæti og 19. sæti með gömlu kempunum Engelbert Humperdinck og Bonnie Tyler. Það verður því fróðlegt að sjá hvað Molly Smitten-Downes gerir í kvöld með lagi sínu *Children Of The Universe*.

### ÁSTRALIR Í EUROVISION

Ástralir hafa haldið mikið upp á Eurovision-keppnina allt frá því ABBA sigraði árið 1974. SBS-sjónvarpsstöðin í Ástralíu hefur sýnt frá keppninni í fjölda ára. Keppnin er sýnd þrjú kvöld í röð og laðar að sér um þrjár milljónir áhorfenda sem er dágott miðað við íbúafjölda Ástralíu sem er 22 milljónir.

Ástæður þess að Ástralir elska Eurovision eru nokkrar. Til dæmis þykir þeim keppnin mikilfengleg en eru ekki síður hrifnir af hversu skemmtilega hallærisleg hún er. Þá eiga Ástralir margir hverjir ættir að rekja til Evrópu.

Ástralir hafa nokkrum sinnum óskað eftir því að fá að taka þátt í keppninni og í ár rættist sú ósk. Eftir seinni undanúrslitin á fimmtudaginn steig hin ástralska Jessica Mauboy á svið með lagið *Sea of Flags*. Atriðið var mikið sjónarspil eins og búast má við frá litaglöðum Áströllum.



## ...verðlaun fyrir besta Eurovisionnammið



**EUROVISION**  
SONG CONTEST  
COPENHAGEN 2014

## SKOTHELDAR DÝFUR

Snakk og Eurovision tengjast sterkum böndum enda ófáir sem bjóða upp á snakk til að maula yfir áhorfinu. Hér eru tvær skotheldar ídýfur sem bragðast best með tortilla-flögum eða Doritos-snakki.

**Salsadýfa**

**1 dós (400 g) hreinn rjómaostur. Hér má líka nota sama magn af kotasælu fyrir þá sem vilja hafa dýfuna aðeins léttari.**

**1 krukka salsasósa (styrkleiki fer eftir smekk)**

**1 poki rifinn ostur**

**Tortilla eða Doritos-flögur.**

Smyrjið rjómaostinum eða kotasælunni jafnt í eldfast mót. (Ef notaður er rjómaostur er gott að taka hann út úr ísskáppunum aðeins áður svo það sé auðveldara að vinna með hann). Hellið salsasósunni jafnt yfir ostinn/kotasæluna. Dreifið ostinum yfir. Hitið ofninn í 180-200 gráður og stingið dýfunni inn í 10-20 mínútur eða þar til hún fer að krauma.

Berið fram með snakkinu.

**Chili-ídýfa**

**200 g Philadelphia-rjómaostur**

**100 g sweet chili-sósa.**

**2 msk. saxað ferskt kóríander (má sleppa)**

Setjið rjómaost í skál og hellið chili-sósunni yfir. Stráið fersku kóríander yfir og berið fram með flögum.

**Samfélagsmiðlarnir**

Tilkoma samfélagsmiðla undanfarin ár hefur bætt inn algjörlega nýrri vidd í Eurovision-keppnina. Nú geta aðdáendur keppinnar, en ekki síður þeir sem hafa minni áhuga en eru fastir í Eurovision-partíum víða um land, skemmt sér á Twitter, Facebook, Instagram og fleiri miðlum allt kvöldið.

● **MESTA FJÖRIÐ** verður væntanlega á Twitter þar sem notendur miðilsins geta til dæmis fylgst með íslenska kassamerkinu **#12stig** auk **#JoinUs** og **#Eurovision**. Þess má geta að rúmlega 6.000 tíst merkt **#12stig** birtust fyrra undanúrslitakvöldið þegar Pollapönk tók þátt. Einnig má kíkja við hjá Pollapönki (**@pollapönk**), Reyni Þór Eurovision-sérfræðingi (**@euroreynir**) og auðvitað tístinu á opinberri Twitter-síðu keppinnar (**@Eurovision**).



● **OPINBER FACEBOOK-SÍÐA** keppinnar er **@EurovisionSongContest** þar sem stöðugt er verið að pósta nýjum fréttum, viðtölum og ljósmyndum. Opinber síða Pollapönks er **@pollapönk** þar sem félagarnir birta fréttir og myndir. Instagram-síða keppinnar er á **@eurovision** þar sem er fullt af myndum af keppendum og frá undankeppnunum tveimur. Notið kassamerkin **#12stig**, **#JoinUs** og **#Eurovision** einnig á Facebook og Instagram til að merkja og fylgja eftir færslum. Að lokum má benda á opinbera YouTube-rás keppinnar sem er **@Eurovision Song Contest**. Þar má finna fjölda viðtala, svipmynda frá æfingum og flutningi keppenda frá undankeppnunum tveimur.

